



Bing & Gröndahl

Myndlist

Valtýr Pétursson

Á Kjarvalsstöðum hafa þeir hjá Bing & Gröndahl í Kaupmannahöfn sett upp mikla sýningu á listrænum hlutum úr postulínu og öðru efni frá hinu heimspekkta fyrirtæki. Bing & Gröndahl er með fremstu postulinsverksmiðjum heims og allt, sem frá þeim kemur, hefur vissan gæðastimpil, sem bæði á við um vinnubrögð og listrænt gildi. Það er því mikill viðburður að fá sýningu sem þessa, og ég er fullvissur um, að margir eiga eftir að gleðjast við að skoða hana. Þarna er allt milli himins og jarðar, sem verksmiðjan og listamenn þeir, er fyrir fyrirtækið vinna, hafa afrekað.

Þessi sýning er svo fjölbreytt í eðli sínu og margslungin, að engin leið er að taka eitthvað sérstakt fyrir í þeim fáu línunum, er hér birtast. Enda held ég það óþarft. Svo vel er þetta fyrirtæki kynnt í vitund manna hér á Íslandi. Postulín frá Kóngsins Kaupmannahöfn hefur um langan aldur verið eftirsótt á íslenskum heimilum, og margur er sá plattinn, sem prýtt hefur veggir hér hjá heldra fólki og öðrum. Mávastellið var víst í eina tíð stöðumerki í þjóðfélagi okkar enu síður en Benzinn í dag. Það er svo margt á þessari sýningu, sem mér leist vel á, að ég reyni ekki að gera upp á milli hlutanna.

Þarna eru forkunnarfagrir vasar, og mætti segja mér, að þeir væru safngripir frekar en til að prýða heimili. Þarna eru matarstell, og svo snilldarlega lagt á borð, að munvatnið segir til sín, þótt enginn matur sé á þessum mögnuðu borðum. Þarna eru styttnar alls konar, og ekki má fara svo um Vestursalinn á Kjarvalsstöðum, að ekki sé minnst á þá ágætu listmuni, er komið hefur verið fyrir á ganginum. Þar voru meðal annars plattarnir og flisarnar hennar RÚNU, sem gerðir voru í tilefni þjóðhátíðar.

Í heild er þessi sýning eitt samfellt listaverk, en ég held, að betur hefði mátt setja hana upp. Það er eins og ofhláðið sé hér og þar, og auðvitað græðir enginn á því. Aðrar aðfinnslur koma ekki frá mér. Það er full ástæða til að hvetja fólk til að sjá þessa sýningu og ekkert kostar það pyngju manns að koma þarna inn fyrir dyr. Aðgangur er ókeypis. Það litla, sem ég gat séð af þessari sýningu, var mér til sannrar ánægju, og ég hefði óskað að geta gefið mér miklu meiri tíma til að komast í verulegan kunningskap við þessa fögru muni. Hafi þeir hjá Bing & Gröndahl margfaldar þakkir fyrir að hafa komið með þessa sýningu, og þess má geta hér, að forseta Íslands og Kjarvalsstöðum voru færðar magnaðar gjafir við opnun sýningarinnar. Það er aðeins einn galli á þessu fyrirtæki, það stendur of stutt. Sýningunni lýkur á mánu dagskvöld.

Andríki, bókmenntir og aðrir hlutir

Bókmenntir

Guðmundur Heiðar
Frimannsson

Gore Vidal:
The Second American Revolution,
Random House, New York,
1982

Gore Vidal er bandarískur rit höfundur á miðjum aldri. Hann er ekki þekktur hér á landi, svo að orð sé á gerandi. Þó ættu þeir bókamenn, sem lesa ameríska bókmenntatímaritið New York Review of Books, að þekkja þennan höfund, því að hann hefur frá upphafi skrifað reglulega í það. Gore Vidal hefur skrifað fjölmargar skáldsögur og eru þekktastar þeirra eflaust sögurnar **Myra Breckinridge** og **Burr**. Menn hafa kannski líka heyrt af **Julian**, sem er söguleg skáldsaga um **Júlianus trúvilling**, **Rómarkeisara**, sem hugðist snúa **Rómarríki** aftur til heidinnar trúar. Það mátti ekki miklu muna, að honum tækist það. Nýjasta skáldsaga Gore Vidals er einnig söguleg og nefnist **Creation** eða **Sköpun** og gerist á dögum **Forn-Grikkja** á fimmtu öld fyrir fæðingu **Krists**. Í henni leiðir hann fram fjöldamargar sögulegar persónur, eins og **Demókrítos** og **Xerxes**, og skoðar upphaf þeirrar menningar, sem við nú búum við. Eins og margar aðrar sögur hans er þessi löng, tæpar sex hundruð síður, en það er vel þess virði að lesa hana. Hún fæst hér í bókabúðum í vasabrotsútgáfu. En þótt Gore Vidal sé þekktur og vandadur skáldsagnhöfundur, þá er hann enn betri ritgerðarhöfundur. Hann hefur gefið út fjögur ritgerðasöfn. Það fimmta er nýkomið út og ber heitið **The Second American Revolution and Other Essays** eða **Önnur bandaríska byltingin og aðrar ritgerðir**.

Það þarf ekki að koma neinum á óvart, að bókin er mjög fjörlega skrifuð og á köflum listavel. Viðfangsefni höfundarins eru mjög fjölbreytileg: **Edmund Wilson**, **Scott Fitzgerald**, **Thomas Love Peacock**, **Abraham Lincoln**, stjórnmál, kvikmyndir, kynlíf, **Theodore Roosevelt** og **galdrakarlinn í Oz**. Flestar eru þessar ritgerðir að formi til bókadómar, en þær eru líka athugun og framlag höfundarins til viðfangsefnisins hverju sinni. Ef einhver hefur

áhuga á að sjá, hvernig vel og vandlega er skrifað um bækur, þá ætti hann að lesa þessa bók. Þessar ritgerðir eru ekki einungis um bókmenntir, þær eru bókmenntir sjálfar. Höfundurinn hefur yndi af orðum, er nákvæmur í orðavali og vandur byggingu allra setninga.

Höfundur fer ekkert dult með skoðanir sínar á því, sem hann skrifar um. Í stjórnmálum er hann á vinstri væng **Demókrataflokksins**, ef það hefur einhverja merkingu að staðsetja menn með þessum hætti. Hann var raunar í framboði nú nýverið í prófkjöri **Demókrataflokksins** í Kaliforníu fyrir kosningar til öldungadeildarinnar, sem verða nú í haust. Hann tapaði fyrir **Jerry Brown**, ríkisstjóra. Sum tilsvör hans úr þeirri kosningabaráttu urðu fleyg. Mjög sterkur þáttur í stjórnmálaskoðunum hans, sem kemur hvað gleggst fram í ritgerðinni, sem bókin heitir eftir, er virðing fyrir þeim rétti allra manna að fá að vera í fríði með sitt einkalíf fyrir öðrum mönnum og yfirvöldum. Raunar eru skoðanir Gore Vidals eitthvert bezta dæmi, sem ég þekki, um greinarmun **John Stuart Mills** á athöfnum, sem varða mann sjálfan einvörðungu, og athöfnum, sem varða aðra. Mills er þó hvergi getið í þessari bók, og er það vart af vanþekkingu. Í ritgerðinni Önnur bandaríska byltingin leggur höfundur til, að ný stjórnskrá verði samin fyrir **Bandaríki Norður-Ameríku**, því að sú, sem nú gildir, sé ótæk með öllu. Hún reisi engar raunverulegar skorbir við valdi forsetans né hæstaréttar landsins. Höfundurinn styður mál sitt með rækilegri umfjöllun og ívitnunum í höfunda stjórnskrárinnar. Miðað við ásetning þeirra tekst honum að leiða í ljós, að hún er meingölluð. Önnur ástæða til þess að breyta þarf stjórnskránni að hans áliti er, hve fáir taka þátt í forsetakosningum, einungis um helmingur þeirra, sem hafa kosningarétt.

Vidal lætur staðhæfingar eins og þær, að **Bandaríkjunum** sé nánast óstjórnandi vegna valda annarra en kjörinna fulltrúa, fara í taugarnar á sér og vilur ekkert fyrir sér að vitna til stjórnlyndustu manna eins og **Benito Mussolini**, til að leiða í ljós, hve þær eru vafasamar. En rétt eins og hann hamrar í sífellu á nauðsyn þess, að menn njóti hver og einn sem mests frelsis, þá leggur hann til í

næstu setningu, að bandarísku oliufélagin verði þjóðnýtt. Og á næstu síðu staðhæfir hann, að allt, sem alríkisstjórnin taki sér fyrir hendur, fari í handaskolum. Það þarf kannski ekki að gera annað en að benda á þessar misfellingur, til að öllum séu ljósar brotalamirnar í röksemdum skáldsins. En svo kemur líka til skefjalaus kaldhæðni, sem hann beitir raunar af fyndni og andríki, sem veldur því, að það er stundum svolítið erfitt að taka höfundinn alvarlega. En það má vera til marks um, hve góður rithöfundur **Gore Vidal** er, að skemmtunin af því að lesa þessar ritgerðir er ómæld, og þá lætur maður bara liggja á milli hluta, hvort allt það, sem hann segir, stentz kröfur rökvisinnar.

Þar sem hann fjallar um önnur skáld, kvikmyndir og kynlíf, sérstaklega kynvillu, er hann hvað kvikindislegastur og fyndnastur. Í einni ritgerðinni, sem ber heitið „**Bleikur þríhyrningur og gul stjarna**“, svarar hann árásum á kynvillinga í **Bandaríkjunum**. Hann kemur auga á, að þó nokkrir þeirra, sem höfðu gert þær, voru Gyðingar. Hann leggur því til, að kynvillingar og Gyðingar ásamt blámönnum taki höndum saman og verji hagsmuni sína gegn ríkjandi meirihluta. Annars geti farið fyrir þeim eins og í Þýzkalandi **Hitlers**. Hann lét slátra sex milljónum Gyðinga og sex hundruð þúsundum kynvillinga. Síðan segir Vidal: „Í þýzkum útrýmingarboðum báru Gyðingar gular stjórnur en kynvillingar bleika þríhyrninga. Ég var með **Christopher Isherwood**, þegar hann reyndi að koma ungunum kvikmyndaframleiðanda í skilning um þetta.“ „Þegar öllu er á botninn hvolft,“ sagði **Isherwood**, „þá drap Hitler sex hundruð þúsundir kynvillinga.“ Unga manningum þótti lítið til um þetta. „En Hitler drap sex milljónir Gyðinga,“ sagði hann alvarlega. „Hvað gerirðu?“ spurði **Isherwood**. „Selurðu fasteignir?“

Þeim mönnum, sem taka kvikmyndir óskaplega alvarlega, er bent á að lesa þessa bók. Höfundurinn dylur ekkert foragt sína á kvikmyndum, leikstjórum alveg sérstaklega. Það er ástæðulaust að minnst á sjónvarp. Háskólakennarar í bókmenntum og sá iðnaður, sem hefur vaxið í kringum þá, er eitt upphaldsefni hans til að hæðast að. Enda er það gæfa **Gore Vidals**, eins og til að mynda **Halldórs Laxness**, að hafa ekki setið í háskóla heldur menntað sig sjálfur.

Gore Vidal hefur verið nefndur beztu ritgerðasmíður í **Bandaríkjunum** um þessar mundir. Ég skal ekki dæma um það, en góður er hann.

Stór ÚTSÖLUMARKAÐURINN

hefst á morgun
í húsi Húsgagnahallarinnar
að Bíldshöfða.

Vöruúrval, fatnaður á alla,
hljómplötur og kassetur,
efni, sportvörur, íþróttaskór,
handklæði o.fl. o.fl.

Karnabær, Belgjagerðin, Steinar, Hummel umboðið,
Zetubrautir, Gluggatjöld hf., Nylon Plast.

Opið frá kl. 1—6
virka daga